


Alþingi
Erindi nr. P 140/1431
komudagur 6.3.2012



Skrifstofa Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir samgönguáætlun 2011 – 2014 og hafa eftirfarandi athugasemdir.

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist um 16% frá árinu 2010 og gera áætlanir ráð fyrir mikilli aukningu á næstu árum sérstaklega yfir vetrartímann. Til að uppfylla væntingar ferðamanna þarf þjónusta að vera í samræmi við það sem auglýst er og skipta samgönguinnviðir gríðarlegu máli í því samhengi allt árið um kring.

Aukning erlendra ferðamanna árið 2011 var tæp 80 þúsund. Samkvæmt ferðaþjónustureikningum 2010 eyðir hver ferðamaður um 230 þúsund krónum og hefur aukning ferðamanna árið 2011 því skilað 18,4 milljörðum í gjaldeyrstekjur. Skv. upplýsingum frá Hagstofu eru skatttekjur ríkisins af ferðaþjónustu um 7% af veltu og fékk ríkissjóður því um 1,3 milljarða í auknar tekjur af erlendum ferðamönnum á síðasta ári. Ætti slík upphæð að nýtast vel til uppbyggingar ferðaþjónustu í landinu, þ.m.t. eflingar og viðhalds á innviðum samgöngukerfis.

Í samgönguáætlun 2011 – 2022 er eitt af markmiðunum að hugað verði sérstaklega að þörfum ferðaþjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins. Einnig kemur fram að markaðssvæði ferðaþjónustu verði höfð til hliðsjónar við mótun samgönguáætlunar.

Samtök ferðaþjónustunnar lýsa miklum vonbrigðum yfir að í samgönguáætlun 2011 – 2014 er ekkert sem bendir til þess að sinna eigi markmiðum samgönguáætlunar 2011-2022 hvað varðar ferðaþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir hækkun kostnaðar á þeim liðum sem skipta ferðaþjónustuna miklu máli en þar má nefna að aðeins er gert ráð fyrir 2 milljónum árlega í fræðslu til erlendra ökumanna og viðhald á landsvegum utan stofnvegakerfis er það sama verið hefur undanfarin ár eða 100 milljónir á ársgrundvelli. Í samgönguáætlun 2011-2014 er heldur ekki gert ráð fyrir samráði við SAF í áætlun um almenn samgönguverkefni og er það mjög miður.


Stefnt er að hækkun lendingargjalda og farþegagjalda á Reykjavíkurlugvelli til jafns við gjöld á Keflavíkurlugvelli. Þetta gæti leitt til allt að 250 millj. kr. árlegrar aukningar gjaldtöku af innanlandsfluginu og sem nýttar verða til nauðsynlegra framkvæmda og viðhalds. Miðað er við að hækkunin verði í tveimur jafnstórum áföngum á árunum 2012 og 2013. Gert er ráð fyrir að þessar gjaldskrárhækkanir nái fram að ganga og miðast skipting fjármuna við það. Hér er um að ræða þreföldun á álögum á innanlandsflugið á einungis 4 árum, þ.e. árið 2009 voru sértæk gjöld á innanlandsflugið um 200mkr. en stefna árið 2013 í að vera um 600mkr. Veltan í innanlandsflugi er ekki nema um 4 milljarðar króna þannig að sértækir skattar stefna í að verða 15% af heildartekjum greinarinnar. Nauðsynlegt er að öll þessi gjaldtaka verði endurskoðuð með það í huga að hér er t.d. um að ræða gjald á umhverfisvænar samgöngur við landsbyggðina sem m.a. rýrir samkeppnisstöðu flugsins við einkabílinn.

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ er verkefni sem stjórnvöld vinna að í samráði við ferðaþjónustuna og atvinnulífið í landinu og er gríðarlega mikilvægt að því sé fylgt eftir með styrkingu innviða bæði hvað varðar framkvæmdir og viðhald. Eftirfarandi eru dæmi um leiðir sem verða að vera opnar alla daga, allan ársins hring til að hægt sé að standa undir áformum um aukinn fjölda ferðamanna yfir vetrartímann:

- Gullni hringurinn Gullfoss-Geysir-Þingvellir
- Reykjaneshringur í gegnum Krísuvík,
- Suðurströnd að Vík, með hliðarvegnum niður í Reynisfjöru og að Sólheimajökli.
- Borgarfjarðarhringur upp í Húsafell og yfir Dragháls.
- Mývatnshringur, Námaskarð og Hveraröndin.
- Jökulsárgljúfur
- Húsavík-Ásbyrgi-Dettifoss

Samtök ferðaþjónustunnar lýsa sig reiðubúin að taka þátt í öllu samráði um verkefni sem geta bætt samgöngukerfið og gert það öruggara.

Virðingarfyllt



Samtök ferðaþjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson